



Vilhjálmur Árnason,
prófessor í heimspeki

Má ráðskast með líf annarra?

Vorráðstefna Greiningar-
og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Reykjavík, 8. maí 2015



Að ráðskast

- Hvenær ráðskast maður með mann?
- Immanuel Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðferðisins* (153):
- „Breyttu þannig að þú komir aldrei fram við manneðlið, hvort sem það er í persónu þín sjálfs eða persónu allra annarra, einungis sem tæki heldur ávallt um leið sem markmið.“



Tvennur skilningur

- Neikvæður skilningur: nota fólk ekki einungis sem tæki
- Lágmarkskrafa um að hafa ekki sitt fram með þvingun eða blekkingu
 - krefst fjarlægðar
- Jákvæður skilningur: að auðvelda öðrum að ná (sanngjörnum) markmiðum sínum
 - krefst nálægðar
 - vandmeðfarið í faglegum samskiptum



Áminning Kants

- „Ef undanskilin eru börn og fólk sem er viti sínu fjær get ég ekki gert nokkurri manneskju gott út frá *minni* hugmynd um hamingjuna, heldur einungis samkvæmt hugmynd þeirrar manneskju sem er velgjörðarinnar aðnjótandi.“
- Hvenær hjálpar maður manni?
- Vandí hjálparlistarinnar



Hjálparlistin

- Til þess að manni geti í raun heppnast að hjálpa annarri manneskju að komast úr einum stað á annan, þá verður maður sérstaklega að hyggja að því hvar hún er stödd og byrja þar.
- Þetta er leyndardómurinn að baki allri hjálparlist. Hver sá sem ekki veit þetta er haldinn sjálfsblekkingu ef hann telur sig geta hjálpað öðrum. Því að í sannleika sagt: til þess að geta hjálpað öðrum verð ég að skilja meira en hann, en þó fyrst og fremst að skilja það sem hann skilur.
 - Søren Kierkegaard, *Synspunktet for min Forfatter-Virksomhed*.



Þrenns konar mannskilningur

- Gadamer um hvernig „Ich und Du“ mætast
 - hlutlæg þekking á hinum: Þá skiljum við aðra persónu eins og við skiljum hvert annað fyrirbæri (vísindalega). Tilfelli felld undir almennt lögmál.
 - Tvenns konar gagnrýni
 - siðferðileg: þessi skilningsaðferð leiðir til þess að ráðskast er með skjólstæðinginn. Þetta er athugun fremur en samræða sem miðar að skilningi. „Það var ekki hlustað á mig!“
 - vísindaleg: allar aðferðir til skilnings hafa áhrif á það hvernig viðfangsefnið birtist (for-dómar)



For-dómar

- Forsenda skilnings er að nálgast viðfangsefni með einhverjar hugmyndir um það: for-dómar
- Ein aðalástæða fordóma (hleypidóma) er að halda að maður sé for-dómalaus
- Útbreitt viðhorf er að þekking uppræti fordóma, en skv. Gadamer eru fordómar oft fólgnir í fræðilegri nálgun og útgangspunktum
 - Dæmi: Að nálgast sjúkling sem líffræðilegt gangvirki eða fatlaðan sem dæmigert heilkenni



Ég skil þig fullkomlega!

- Annar meginháttur á að skilja hinn er að mæta honum á eigin forsendum og einkennist því af tengslum manns við sjálfan sig
 - Viðleitnin til skilnings er svo áköf að maður telur sig jafnvel skilja hinn betur en hann sjálfur: Ég *veit* hvernig þér líður (hvers þú þarfnast).
- Sjálfhverf hluttekning sem getur leitt til dulinna eða vanhugsaðra yfirráða
- Engin þörf fyrir að leggja sig raunverulega eftir hinum í samræðum eða samskiptum



Að mætast í samtali

- Bæði samskiptaformin eru einræðuform: Þau ganga út frá gefinni vitneskju sem gerir samtalið óþarft.
- Gadamer: „Í mannlegum samskiptum skiptir sköpum að ... leggja sig eftir hinum sem slíkum, þ.e. að heyra hvað hann segir og taka mark á því.“
- Þetta krefst þess að opna sig fyrir tjáningu hins
- Báðir aðilar koma með sinn „farangur“ inn í samskiptin, reynslu, þekkingu og gildismat sem myndar „sjónhring“ skilnings þeirra
- Skilningsrík fagmanneskja stuðlar að „sambræðslu sjónhringa“ í samtalinu.



Lokaorð

- Svarið við spurningunni „Má ráðskast með líf annarra?“ er einfalt.
- Spurningin hvenær ráðskumst við með líf annarra er snúin
 - Hún krefst gagnrýnninnar sjálfsskoðunar og ígrundunar eigin viðhorfa. Athugunar á því hvernig fagmaður nálgast skjólstæðing og hvaða hugmyndir hann gerir sér um stöðu sína og stöðu hans – sem og markmið og eðli samskiptanna.



Takk fyrir!

